

# Heyrnarvarnir

## Phonak Serenity Classic

Heyrnarvörn með fastri "passive" dempun

**Serenity Classic** er sérsmíðuð heyrnarvörn með fyrirfram valinni fastri (*passive*) dempun fyrir krefjandi vinnuaðstæður. Hún er framleidd eftir nákvæmum mátum af eyrum notenda og samanstendur af hlustar- stykkjum (*eShells*) sem framleidd eru úr slitsterku næloni sem meðal annars er notað við framleiðslu á lækningatækjum. Hlustarstykkinn eru tengd með sílikonþræði með öryggislæsingum og er hægt að fá þau í þremur litum: græn, blá og húðlituð.

**Serenity Classic** heyrnarvörnin er létt og þægileg, vegur einungis 10 grömm og er auðvelt að nota hana með gleraugum, grímum, hjálmun og öðrum höfuðbúnaði. Hún hefur langan líftíma og þolir þvott í þvottavél (allt að 60°C).

**Serenity Classic** er slitsterk og hagkvæm heyrnarvörn og er fullkomið val fyrir notendur sem eru í stöðugum hávaða í starfi.

Ef þarfir varðandi dempun breytast og þörf er á minni eða meiri dempun þá er hægt að skipta um dempunarsíur.


- Sérsmíðuð hlustarstykki (*eShells*)
- Vegur einungis 10 grömm
- Slitsterk, má þvo í þvottavél (allt að 60°C)
- Hálsól m/öryggislæsingum og klemmu
- Situr þétt og örugglega í eyranu
- Mismunandi dempunarsíur í boði
- Gæðaeftirlit; mæling á þéttleika og dempun
- Stálkúla fyrir málmgreiningartæki (valfrjálst)
- Einkennisstafir grafnir í hlustarstykkinn
- Taska og hreinsihald fylgja



Dempunargildi í dB fyrir mismunandi dempunarsíur

Tegund síu	Heildardempun*	H	M	L
XC92BR - brún	25	28	23	18
XC92YE - gul	24	29	21	14
XC92WH - hvít	29	31	27	22

H: Dempun á háum tíðnum, M: Dempun á miðtíðnum, L: Dempun á lágum tíðnum  
\*SNR: Single Number Rating attenuation value



CE vottun samkvæmt 89/686/EEC og EN 352-2:2002



HEYRÐU

Sigtúni 42- 105 Reykjavík- Sími: 561 8500  
Netfang: sala@heyrdur.is- Vefur: www.heyrdur.is

PHONAK